

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um Alexandersflugvöll.

Frá Bjarna Jónssyni.

1. Hver er staða Alexandersflugvallar á Sauðárkróki í grunnneti samgangna og var haft samráð við heimamenn þegar stjórnvöld tóku ákvörðun um breytingar á stöðu hans?
2. Hvernig er þjónustustig Alexandersflugvallar nú skilgreint og hvaða reglur og áætlanir gilda þar um viðhald, aðstöðu, búnað, flug- og landingaröryggi og viðbragðstíma gagnvart almennum landingum og sjúkraflugi?
3. Hefur öryggisbúnaður og nauðsynlegur búnaður vegna landinga á Alexandersflugvelli verið skertur á undanförunum árum og ef svo er, hvernig og hvers vegna?
4. Hvert er viðhorf ráðherra til þess að Alexandersflugvöllur verði á ný tekinn í notkun sem virkur flugvöllur í samgönguneti landsmanna og hvernig telur ráðherra að heppilegast væri að stuðla að því?
5. Hversu mörg sjúkraflug hafa farið um Alexandersflugvöll á undanförunum fjórum árum? Svar óskast sundurliðið eftir mánuðum og árum.
6. Hversu oft á undanförunum fjórum árum var ekki unnt að nýta Alexandersflugvöll til sjúkraflugs, hverjar voru ástæður þess og hvert er viðhorf ráðherra til öryggishlutverks flugvallarins fyrir íbúa Sauðárkróks og nágrennabyggða?

Skriflegt svar óskast.